

krafizt, að það, sem reist hefði verið, væri numið á brott og fyllt í skurði, með því að leyfi byggingarnefndar hefði eigi verið aflað.

Kærði hefur viðurkennt að hafa ráðizt í umræddar framkvæmdir án leyfis byggingarnefndar og fjárhagsráðs, þar sem hann hefði talið sér heimilt að girða lóð sína samkvæmt lóðarsamningi, er hann hafi í höndunum.

Það verður að telja nægilega upplýst, að kærði hafi með framangreindum aðgerðum, án leyfis byggingarnefndar, orðið brotlegur við 12. og 7. gr., sbr. 4. tölul. 15. gr. byggingarsamþykktar fyrir Hafnarfjörð nr. 114 frá 1916, og enn fremur, þar sem hann hefur eigi leitað samþykkis fjárhagsráðs, hefur hann gerzt brotlegur við 11. gr. reglugerðar um fjárhagsráð o. fl. frá 31. júlí 1947, sbr. lög nr. 70 frá 5. júní 1947, og þykir refsing sú, er hann hefur til unnið fyrir brot þessi, samkvæmt 31. gr. byggingarsamþykktar og 39. gr. fyrrgreindrar reglugerðar hæfilega ákveðin 150 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 7 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa.

Þá skal samkvæmt 31. gr. byggingarsamþykktarinnar kærða skylt að nema nú þegar burt þau mannvirki, er hann hefur reist í leyfisleysi og færa allt í samt lag.

Þá greiði kærði allan kostnað sakarinnar.

Á máli þessu hefur enginn óþarfa dráttur orðið.

Því dæmist rétt vera:

Kærði Eyjólfur Þórarinsson greiði 150 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 7 daga varðhald í stað sektarinnar, greiðist hún ekki innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa.

Þá ber kærða að nema í burt nú þegar öll þau mannvirki, er hann þannig hefur framkvæmt á lóð sinni án leyfis.

Kærði greiði allan kostnað sakarinnar, sem orðinn er og verður.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 19. maí 1948.

Nr. 48/1948. **Réttvísir** (Hrl. Einar Arnórsson)
gegn

Jóhanni Eyþórssyni (Hrl. Egill Sigurgeirsson).

Skjalafals.

Dómur hæstaréttar.

Guðbrandur Ísberg, sýslumaður í Húnavatnssýslu, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Ekki þykja efni til, að gæzluvarðhaldsvist ákærða komi til frádráttar refsivist hans. Að öðru leyti ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm með skírskotun til forsendna hans.

Eftir þessum úrslitum ber ákærða að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda í hæstarétti, kr. 600.00 til hvors.

Við meðferð málsins er það athugavert, að rannsóknar-dómarinn hefur ekki, svo séð verði, borið hin fölsuðu skjöl undir menn þá, er nöfn þeirra voru fölsuð á skjölin, og hafa aldrei verið teknar skýrslur í rétti af tveimur þeirra, þeim Guðmundi Kr. Meldal og Guðbjörgu Ágústsdóttur. Svo hefði dómarinn og átt að afla rithandarsýnishorna þessara manna til samanburðar við falsskjölin. Loks hefur dómaranum láðst að láta hin fölsuðu skjöl fylgja dómsgerðum málsins.

D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, þó svo, að gæzluvarðhaldsvist ákærða Jóhanns Eypórssonar skal ekki koma til frádráttar refsivist hans.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda í hæstarétti, hæstaréttarlögmennanna Einar Arnórssonar og Egils Sigurgeirssonar, kr. 600.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur aukaréttar Húnavatnssýslu 8. nóvember 1946.

Mál þetta, sem tekið var undir dóm 5. þ. m., er af réttvisinnar hálfu höfðað gegn Jóhanni Eypórssyni verkamanni, Ytri-Löngumýri í Svinavatnshreppi, fyrir brot gegn XVII. kafla hinna almennu hegningarlaga nr. 19/1940. Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 17. febrúar 1921 að Fremri-Hnifsdal í Eyrarhreppi í Norður-Ísafjarðarsýslu. Hann hefur verið dæmdur 22. júní 1945 í aukarétti Reykjavíkur í 60 daga fangelsi, skilorðsbundið, og sviptur kosningarrétti og kjörgengi, fyrir brot gegn 244. og 247. gr. gr. hinna almennu hegningarlaga, en að öðru leyti hefur hann ekki sætt refsingu, svo vitað sé.

Málavextir eru þeir, sem nú skal greina:

Seint í marzmánuði þ. á. kom ákærði að máli við settan banka-
stjóra Útibús Búnaðarbankans á Akureyri, og fór þess á leit, að hann
keypti af sér 15 000 króna vixil með nöfnum tiltekinna 3ja manna,
auk ákærða, sem samþykkjanda, og fékk hann vilyrði fyrir láninu.
Rúmri viku síðar eða svo, þann 1. apríl, seldi ákærði svo bankanum
vixil að upphæð kr. 15 000.00, með gjalddaga 1. október þ. á.

Vixill þessi var, að því er séð varð, útgefinn af Birni Pálssyni,
Ytri-Löngumýri, og samþykktur af ákærða, en ábektur af Péttri Pét-
urssyni, Höllustöðum, og Steingrími Jóhannessyni, Svinavatni. Sam-
kvæmt yfirlýsingu þessara manna fyrir rétti og játningu ákærða,
voru öll nöfn þeirra manna, er með ákærða voru á vixlinum, fölsuð,
skrifuð af ákærða, án vitundar þeirra og leyfis. Þennan vixil fékk
ákærði svo síðar framlengdan til ársloka, með sömu nöfnum, einnig
fölsuðum af ákærða, eftir hann hann hafði verið afsagður sökum
greiðslufalls.

Hinn 23. júlí þ. á. barst kára frá Kaupfélagi Húnavetninga á
Blönduósi þess efnis, að ákærði hefði framvísað til greiðslu og fengið
greiddar ávisanir, undirritaðar af viðskiptamönnum þess, en sem
þeir sömu viðskiptamenn könnuðust ekki við að hafa gefið út. Var
ákærði þá yfirheyrður fyrir rétti, og kannaðist hann þá við að hafa
falsað, fengið greiddar og hagnýtt sér andvirði tveggja ávisana að
upphæð kr. 2850.00 og kr. 500.00, útgefnar 19. júlí og 11. júní þ. á., en
undir þessar ávisanir hafði hann skrifað nafn Guðmundar Kr.
Meldals, bónda í Litladal. Greiddi ákærði þá og ávisaði af kaup-
innstæðu á Skagaströnd kr. 1400.00 upp í ávisanir þessar og lofaði
að greiða af kaupi sínu frá Sildarverksmiðju ríkisins kr. 400.00 á
viku, þó svo, að fæðisgjald hans yrði áður dregið frá vikukaupinu,
og skyldi peningunum haldið eftir af ákveðnum manni, er þá hafði
með höndum útborganir á kaupum hans. Nú vildi svo til, að þessi
ákveðni maður hætti að hafa á hendi útborganir til ákærða, en láð-
ist að tilkynna dómaranum það í tíma, og kom þá ekki til frekari
greiðslna af hendi ákærða, sem enga viðleitni sýndi í því að standa
við gerða samninga, en eyddi fé sínu jafnóðum.

Hinn 3. september þ. á. var ákærði aftur tekinn fyrir rétt.

Viðurkenndi hann þá að hafa skrifað sjálfur, framvísað, fengið
greidda og hagnýtt sér andvirði enn þá einnar ávisunar að upphæð
kr. 600.00, sem var undirskrifuð nafni sama manns sem hinar fyrri
ávisanir, og enn fremur að hafa falsað á sama hátt og fengið greidda
ávisun að upphæð kr. 500.00, undirritaða nafni Guðbjargar Ágúst-
dóttur, Guðlaugsstöðum. Var ákærða þá tilkynnt, að mál yrði höfðað
gegn honum síðar í mánuðinum og honum bannað að fara úr um-
dæminu án leyfis dómars, en leyft að halda áfram vinnu fyrst
um sinn á Skagaströnd, þar til hann yrði kvaddur til að mæta fyrir
rétti á ný, en þá var enn ókunnugt um vixilfölsunina á Akureyri.
Hinn 13. september seldi ákærði Sparisjóði Húnavatnssýslu á
Blönduósi 6000 króna vixil, samþykktan af honum, en með fölsuðu

nafni Daniels Þorleifssonar, bónda að Stóra-Búrfelli, sem samþykkjanda, en ábektan af Stefáni Ágústssyni bónda, Ytri-Ey.

Hinn 17. september fær ákærði svo leigubifreið með sig til Akureyrar og var hann þar um kyrrt 2 heila daga og fram á síðari hluta hins þriðja dags, en þá fór hann aftur til Blönduóss, þar eð bifreiðarstjórinn, Ari Jónsson, Blönduósi, vildi ekki biðja eftir honum lengur. — Á fyrsta eða öðrum dagi dvalar sinnar á Akureyri seldi ákærði Útibúi Landsbankans þar 10 000 króna vixil, samþykktan af ákærða, en, að því er séð varð, útgefinn af Birni Pálssyni, Ytri-Löngumýri, og ábektur af Péttri Péturssyni, Höllustöðum.

En bankinn átti að vörmu spori tal í síma við ábekinginn, sem neitaði að hafa skrifað nafn sitt á vixilinn, og fékk bankinn þá ákærða til að skila aftur peningunum. Hefur ákærði viðurkennt, að nöfn beggja þeirra manna, er með honum voru á vixlinum, hafi hann sjálfur skrifað, án vitundar þeirra.

Þá hefur ákærði enn fremur viðurkennt að hafa selt Útibúi Bún-aðarbankans á Akureyri vixil, að upphæð kr. 15 000.00, síðasta daginn, sem hann var á Akureyri í umræddri ferð hans þangað.

Bjó hann vixil þennan út sjálfur þar á staðnum og falsaði ölf nöfnin. Lét hann bróður sinn, Halldór Eypórsson, Auðkúlu, vera samþykkjanda, enda taldi hann sig vera að taka lánið fyrir hann til dráttarvélaкупа, en sem útgefandi og ábekingur voru skrifuð nöfn þeirra Björns Pálssonar, Ytri-Löngumýri og Guðmundar Pálssonar, Guðlaugsstöðum. Vixill þessi er ódagsettur, en gjalddagi hans er 20. marz 1947. Kemur það vel heim við það, sem ákærði hefur borið, að hann hafi selt vixilinn síðasta daginn, sem hann var á Akureyri í umræddri ferð, en Ari Jónsson bifreiðarstjóri hans hefur borið, að þeir hafi farið frá Akureyri 20. september.

Loks hefur ákærði falsað 2 innfærslur í sparisjóðsbók, sem hann á við Sparisjóð Súgfirðinga, kr. 3000.00 og 2000.00. Innstæða í þessari bók er raunverulega aðeins kr. 6.35. Hefur ákærði haldið því fram, að hann hafi talið bókina einskis virði, og skrifað færslurnar í hana nánast af fikt, án þess að ætla að notfæra sér þær á nokkurn hátt. Enda þótt allmiklar líkur séu til þess, miðað við aðrar athafnir ákærða á þessu sviði, að hann hafi fært upphæðirnar í sparisjóðsbókina og falsað undirskriftirnar undir þær í ákveðnum tilgangi, verður ekki gegn neitun ákærða, og með hliðsjón af því, hvað innstæðan er óveruleg, talið sannanlegt, að svo hafi verið, og kemur þessi verknaður hans eigi beinlínis til álita við ákvörðun refsingar hans.

Ákærði er 25 ára að aldri, einhleypur, heill og hraustur, og vanur flestri algengri vinnu til sjávar og sveita. Hann á eitt óskilgetið barn, en virðist ekki hafa eytt verulegu af aflafé sinu til meðgjafa með því. Af hinum fyrri 15 000 króna vixli, er hann seldi Útibúi Bún-aðarbankans á Akureyri greiddi hann fyrir bifreið, sem hann átti í félagi við annan mann, en var þá búinn að selja, kr. 5000.00, og

auk þess greiddi hann a. m. k. kr. 3200.00 fyrir bækur, er hann keypti af manni á Akureyri. Afgangur víxilupphæðarinnar virðist hafa orðið eyðslufé hans. Af andvirði 4 ávisana á Kaupfélag Húnvetninga, sem hann falsaði, gæti hann hafa greitt vegna föður síns kr. 600.00 í afborgun af víxli á Blönduósi, en hitt virðist hafa farið í eyðslu, samtímis uppgrípa vinnu, hvar sem horið var niður.

Af andvirði 6000 króna víxils, seldum Sparisjóði Húnavatnssýslu, hefur ákærði gert grein fyrir, hvernig hann hafi eytt ca. 4500 krónum, þ. e. greitt barnsmóður sinni a. m. k. 2300 krónur, greitt fyrir kol og bifreiðarlán á Skagaströnd 1450 krónur, og fyrir hest Jakobs Þorsteinssonar 750 krónur. Hitt virðist hafa farið í eyðslu. — Af andvirði síðari víxilsins, er ákærði seldi Útibúi Búnaðarbankans á Akureyri, hefur ákærði greitt bifreiðarstjóranum ca. 1450 krónur, fyrir reiðhest 1500 krónur, fyrir afsláttarhest 650 krónur. Til föður hans gengu 200 krónur, sem vitað er um, og hefur faðir hans endurgreitt þær. Afgangurinn virðist hafa farið í aðra eyðslu, vín, hótélkostnað, o. s. frv.

Allir þeir aðiljar, er fölsun ákærða hefur valdið tjóni, eða sýnilega mun gera það, hafa gert kröfur í málinu um skaðabætur af hendi ákærða. Þykir mega taka þær til greina sem gjaldkræfar kröfur nú þegar gagnvart honum, þar sem lánin eru veitt út á fölskum forsendum. Til frádráttar koma svo á sínum tíma nokkrar upphæðir, endurheimtar af andvirði víxlanna.

Brot ákærða ber að heimfæra undir XVII. kafla hinna almennu hegningarlaga, 155. gr., og þykir refsing sú, er hann hefur til unnið, hæfilega ákveðin fangelsi í 18 mánuði, en frá þeim tíma skal draga gæzluvarðhaldsvist ákærða frá og með 14. október þ. á. að telja. Með hliðsjón af 68. gr. hegningarlaganna, 3. mgr., þykir og verða að svipta hann kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga.

Þá ber og að dæma ákærða til að greiða Kaupfélagi Húnvetninga á Blönduósi kr. 3050.00 ásamt 5% ársvöxtum frá og með 20. júlí þ. á. til greiðsludags; enn fremur Sparisjóði Húnavatnssýslu, Blönduósi, eða handhafa þeirrar kröfu, er kann að leysa hana til sín, kr. 6000.00 ásamt 6% ársvöxtum frá og með 14. marz n. k., en að frá-dregnum fyrirfram greiddum forvöxtum í hlutfalli við tíma, ef áður verður greitt; og loks endurgreiði hann Útibúi Búnaðarbankans á Akureyri kr. 15 000.00 ásamt 6% ársvöxtum frá og með 1. janúar n. k. og kr. 15 000.00 ásamt 6% ársvöxtum frá og með 20. marz n. k., að frá-dregnum fyrirfram greiddum forvöxtum af báðum þessum víxilupphæðum í hlutfalli við tíma, ef greitt er fyrir nefnda daga.

Ákærða ber að greiða allan áfallinn og áfallandi kostnað sakarinnar.

Rekstur málsins hefur verið vitalaus.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði Jóhann Eyþórsson verkamaður, Ytri-Löngumýri í Svinavatnshreppi, sæti 18 mánaða fangelsi, en frá þeim tíma skal draga gæzluvarðhaldsvist hans frá og með 14. október þ. á. að telja.

Jafnframt er ákærði frá birtingu dóms þessa sviptur kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga.

Ákærði greiði Kaupfélagi Húnavetninga á Blönduósi kr. 3050.00 ásamt 5% ársvöxtum frá og með 20. júlí þ. á. til greiðsludags.

Enn fremur Sparisjóði Húnavatnssýslu, Blönduósi, eða handhafa þeirrar kröfu, er kann að leysa hana til síns, kr. 6000.00, ásamt 6% ársvöxtum frá og með 14. marz n. k., en að frádregnum fyrirfram greiddum forvöxtum í hlutfalli við tíma, ef áður er greitt. Og loks greiði hann Útibúi Búnaðarbanka Íslands, Akureyri, kr. 15 000.00 ásamt 6% ársvöxtum frá og með 1. janúar n. k. og kr. 15 000.00 ásamt 6% ársvöxtum frá og með 20. marz n. k., að frádregnum fyrirfram greiddum forvöxtum í hlutfalli við tíma, ef greitt er fyrir nefnda daga. Greiðslurnar skal inna af höndum innan 15 sólarhringa frá birtingu dóms þessa.

Svo greiði ákærði og allan áfallinn og áfallandi kostnað sakarinnar.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 20. maí 1948.

Nr. 135/1947. Ólafur Jóhannesson

(Hrl. Guttormur Erlendsson)

gegn

Jóhannesi Jóhannssyni

(Hrl. Ólafur Þorgrímsson).

Setudómari Valdimar Stefánsson sakadómari
í stað hrd. Jóns Ásbjörnssonar.

Húsaleigumál.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 12. desember f. á., að fengnu áfrýjunarleyfi 10. s. m. Krefst hann þess, að stefnda verði dæmt skylt að rýma nú